



27. Miðstjórnarfundur RSÍ haldinn föstudaginn 8. febrúar 2002

Dagskrá:

1. Staða skólakerfisins
2. Rafiðnaðarskólinn og framtíð hans
3. Styrktarsjóður - afstaða til félagsmanna FÍS
4. Félagsfundir RSÍ
5. Sambandsstjórnarfundur - breyttur fundartími
6. Beiðnir um styrki frá Radíóskátum og Neytendasamtökunum
7. Önnur mál

1. Staða skólakerfisins

Tveir fundir hafa verið haldnir með trúnaðarmönnum RSÍ, annar í Reykjavík og hinn á Akureyri, þar sem farið var yfir stöðu skólakerfisins.

Fram er komið að skólakerfið hefur verið skuldsett verulega síðasta ári. Vegna þessa og fyrri ákvarðana miðstjórnar RSÍ um að verja skólakerfið eins og mögulegt er og að lána veð í eignum sínum þrengist verulega svigrúm RSÍ og verður því að draga verulega úr framkvæmdum og minnka viðhald eigna.

2. Rafiðnaðarskólinn og framtíð hans

Í ljósi atburða síðustu vikna þykir rétt að leggja áherslu á að Rafiðnaðarskólinn er grunneining menntakerfis rafiðnaðarmanna og þó að gengið verði til samstarfs við aðra aðila um rekstur VT, Tölvuskóla Reykjavíkur og Margmiðlunarskólans mun Rafiðnaðarskólinn verða þar undanskilinn.

3. Styrktarsjóður afstaða til félagsmanna FÍS

Helga R. Gunnarsyni og Þór Ottesen falið að funda með stjórn FÍS og leggja sameiginlegar tillögur til úrlausnar fyrir miðstjórn.

4. Félagsfundir RSÍ

Ákveðið var að RSÍ efndi til fundarherferðar þar sem farið yrði yfir starsemina og skólamálinn. Ákveðið var að fundur yrði í Reykjavík 25. febrúar og settar fram tillögur um fund á Akranesi 18. febrúar, Selfossi þann 19, Keflavík 20, Reyðarfirði 21, Akureyri 27 og Siglufirði ásamt Sauðárkróki þann 28. febrúar. Ákveðið að vinna áætlun með forsvarsmönnum félaga á hverjum stað.

5. Sambandsstjórnarfundur breyttur fundartími

Þar sem útskrift nýsveina fer fram á sama tíma var ákveðið að fresta sambandsstjórnarfundir RSÍ um eina viku.

6. Beiðnir um styrki frá Radíóskátum og Neytendasamtökunum

Beiðni um styrki til Radíóskáta og Neytendasamtakanna. Samþykkt var að veita skátum styrk en beiðni Neytendasamtaka hafnað og bent á að ASÍ væri farið að vinna að td. verðlagsmálum.

7. Önnur mál

Vinna við að koma upp minnisvarða við Mývatn þar sem tveir

félagsmenn RSÍ fórust er loksins kominn á verulegan skrið.

Virðing verðbréfafyrirtæki hefur ákveðið að auka hlutafé sitt. RSÍ þarf að leggja til um 2,6 milljónir til þess að halda sama eignarhlutfalli og var það samþykkt.

Ályktun frá sameiginlegum fundi þátttakenda í vinnuhópum um Fræðslumiðstöð atvinnulífsins kynnt.

GG greindi frá því að hann hafi verið kallaður á fund í Járblendistöð þar sem kynntar voru breytingar á raf- og vélaverkstæði.

Ísal hefur einnig tilkynnt breytingar þar sem rafmagns- og vélaverkstæði verða sameinuð undir verkstjórn vélátæknifræðings. GG falið að kynna sér málið betur.

Orlofsmál. Veruleg vandræði hafa verið með heitt vatn við Apavatn nú í vetur, bilun varð í stofnæð og að sögn bóndans sem selur okkur vatnið er ekkert hægt að gera fyrr en frost fer úr jörð.

Gjaldkera falið að boða til gjaldkerafundar við fyrsta tækifæri.

Spurt var um skrifstofuhald hjá RSÍ, hver stjórnari viðveru og mannráðningum. GG sér um mannráðningar ásamt framkvæmdarstjórn, Helgi Rúnar er skrifstofustjóri sambandsins. Þá var spurt um greiðslur til fundarmanna á vegum RSÍ. Félagsmenn sem mæta á fundi fyrir RSÍ geta fengið greitt það fastlaunatap sem þeir verða fyrir. Ef gistingar er þörf eru greiddir dagpeningar. Í engum tilfellum er greitt fyrir tilfallandi yfirvinnu sem menn hugsanlega missa af.

Haukur Ágústsson